

## **Fundargerð starfsþróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum**

Fundur starfsþróunarnefndar haldinn 26. mars 2018 að Borgartúni 30, Reykjavík kl. 10:00. Að nefndinni standa Samband íslenskra sveitarfélaga og aðildarfélög BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum.

Mætt voru: Frá BSRB, Karl Rúnar Þórsson og Arna Jakobína Björnsdóttir sem var í síma. Frá ASÍ Árni Steinar Stefánsson. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

### **1. Skipulag fræðslustofnana á starfstengdu nám**

Umræða fór fram. Málinu frestað

### **2. Mat á styttri starfstengdum námskeiðum (mál nr. 4 á 13. fundi)**

Tekin fyrir að nýju, beiðni um mat á styttri starfstengdum námskeiðum fyrir starfsmann sem er launafulltrúi III og innheimtufulltrúi III. Í starfsmati er gerð krafa um stúdentspróf fyrir þessi störf. Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður eigi rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1.

### **3. Mat á styttri starfstengdum námskeiðum (mál nr. 5 á 13. fundi)**

Tekin fyrir að nýju, beiðni um mat á styttri starfstengdum námskeiðum fyrir starfsmann sem sinnir umönnunarstarfi á heimili fyrir fatlað fólk. Ekki er gerð krafa um stúdentspróf eða aðra menntun fyrir þetta starf. Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður eigi ekki rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1.

### **4. Mat á námi félagsliða og viðbótarnámi félagsliða**

Lögð fram beiðni um mat á námi félagsliða og viðbótarnámi félagsliða frá Borgarholtsskóla. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

Næsti fundur nefndar verður haldinn 9. apríl 2018

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.00